

Umbótaáætlun í kjölfar ytra mats á Vallaskóla

Í mars 2014 gerðu starfsmenn Námsmatsstofnunar úttekt á starfsemi Vallaskóla. Markmið úttektarinnar var að leggja mat starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum og reglugerðum um grunnskóla og aðalnámskrá. Í skýrslu úttektaraðila koma fram fjölmargar ábendingar um styrkleika skólans sem og tillögur til umbóta. Skólastjórnendur Vallaskóla hafa kynnt sér, og þeim er málið varðar, innihald skýrslunnar og sett fram tímasetta áætlun um með hvaða hætti og hvenær brugðist verður við þeim tillögum og ábendingum er fram koma í skýrslunni. Í þessari áætlun eru sett fram þau atriði sem stjórnendur og sveitarstjórn voru sammála um að ættu að vera í forgangi á þessu skólaári. Þær umbótatillögur sem ekki koma hér fram verða settar fram í umbótaáætlun skólans til næstu tveggja skólaára.

Svið I - Stjórnun	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
<p>Fagleg forysta: Efla þarf samskipti við foreldra almennt og foreldrafélagið.</p>	<p>Efla þarf enn frekar upplýsingagjöf til foreldra um starfið í skólanum og tryggja að samfella sé í upplýsingagjöf til foreldra óháð aldri nemenda. Einnig er vert að nýta enn frekar þann möguleika að bjóða foreldrum í skólann bæði til að sjá og taka þátt í skólastarfinu sem og á skipulagðar uppákomur. Með þessu ætti að nást að styrkja betur tengslin milli heimilis og skóla. Stjórnendur skólans þurfa að koma með beinum hætti að boðun funda í foreldrafélagi skólans og reyna að tryggja félaginu góðan farveg með sérstökum stuðningi og eftirfylgni út skólaárið.</p>	<p>Skólastjórnendur og starfsfólk skólans. Núverandi formaður foreldrafélags skólans.</p>	<p>Samstarf við foreldra verður unnið jafnt og þétt yfir skólaárið frá ágúst - júní. Hvert tækifæri verður nýtt til þess að efla og styrkja samstarfið á milli heimilis og skóla. Boðað var til formlegs aðalfundar í foreldrafélagi skólans 18. september að frumkvæði stjórnenda skólans og í samvinnu við núverandi formanns foreldrafélagsins.</p>



Huga þarf að beinni endurgjöf til kennara á vettvangi.	Reglulegar heimsóknir skólastjóra og aðstoðarskólastjóra í kennslustundir þar sem aukin tækifæri gefast til beinnar endurgjafar í lok kennslustunda. Gátlistar/vöktunarlistar nýttir til að minna stjórnendur á mikilvægi þess að veita beina endurgjöf til kennara.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri.	Hafið og verður í gangi yfir allt skólaárið.
Stjórnun stofnunar: Skrá þarf skýra verkaskiptingu stjórnenda og gera hana skilvirkari.	Skólastjóri hefur unnið að skipuriti Vallaskóla og útlistað verkaskiptingu milli stjórnenda skólans.	Skólastjóri.	Skólastjóri kynnir skipurit Vallaskóla og útlistaða verkaskiptingu stjórnenda á starfsmannafundi í byrjun desember 2014.
Efla þarf upplýsingamiðlun milli allra stjórnenda.	Með vikulegum skipulögðum stjórnunarteymismisfundum þar sem farið er yfir þau mál er hæst ber hverju sinni sem og tíðum tölvupóstsamskiptum.	Skólastjóri og aðrir stjórnendur skólans.	Í gangi allt skólaárið.
Faglegt samstarf: Skrá og birta þarf á heimasíðu reglur um samskipti skólans og framhaldsskóla.	Skrá þarf með hvaða hætti samstarfi og samskiptum skólans og framhaldsskóla er háttað. Þetta skjal skal kynna fyrir starfsmönnum, nemendum og foreldrum og birta á heimasíðu skólans.	Aðstoðarskólastjóri, námsráðgjafi og deildarstjóri eldri deildar.	Unnið frá 21. október til 15. desember 2014 og kynnt sérstaklega fyrir foreldrum og nemendum 8., 9. og 10. bekkja í foreldraviðtölum í febrúar.



<p>Skólaþróun: Umbótaáætlun og símenntunaráætlun skólans þarf að birta á heimasíðu svo hún sé aðgengileg hagsmunaaðilum.</p>	<p>Vinna er hafin við umbótaáætlun og símenntunaráætlun skólans og verða áætlanir birtar strax við verklok.</p>	<p>Stjórnunarteymi skólans.</p>	<p>Umbótaáætlun og símenntunaráætlun skólans verður birt á heimasíðu skólans í byrjun desember 2014.</p>
<p>Samræma þarf áherslur í umbótaáætlun og símenntunaráætlun.</p>	<p>Með því að umbótaáætlun og símenntunaráætlun skólans sé unnin samhliða af stjórnunarteymis skólans er reynt að tryggja að samræmi verið í áherslum þar á milli.</p>	<p>Stjórnunarteymi skólans.</p>	<p>Vinnu við umbótaáætlun og símenntunaráætlun skólans verður lokið í nóvember 2014.</p>
<p>Stefnumótun og skipulag: Setja þarf skólanámskrá Vallaskóla fram í heild sinni á heimasíðu eins og aðalnámskrá kveður á um.</p>	<p>Skipa þarf ritstjóra yfir skólanámskrá Vallaskóla sem hefur yfirumsjón með söfnun og ritun gagna. Ritstjóri sér um að birta skólanámskrá á heimasíðu skólans.</p>	<p>Skólastjóri, fagstjórar, kennarar og ritstjóri skólanámskrár.</p>	<p>Kennarar og fagstjórar í námsgreinum hafa þegar hafið vinnu við námsgreinahluta skólanámskrár. Auglýst verður innan skólans eftir ritstjóra skólanámskrár í lok september 2014. Skólanámskrá birtist í heild sinni á heimasíðu skólans við annaskil í febrúar 2015. Verkefnið í gangi áfram á skólaárinu 2015 – 2016.</p>



Verklagsreglur og áætlanir: Uppfæra þarf skólareglur í samræmi við gildandi reglugerð.	Skólastjóri boðar til funda meðal starfsmanna, nemenda, foreldra og skólaráðs þar sem farið verður yfir skólareglur og þær endurskoðaðar.	Skólastjóri.	Unnið frá janúar – apríl og verður lokið og kynnt öllum hlutaðeigandi í maí 2015.
Gera þarf móttökuáætlun fyrir nemendur með sérþarfir.	Árangursríkt samstarf var í gangi meðal Skólaþjónustu Árborgar og grunnskólanna í Árborg á síðasta skólaári um gerð móttökuáætlunar fyrir nemendur með sérþarfir.	Deildarstjóri sérkennslu í samvinnu við Skólaþjónustu Árborgar.	Vinnu við móttökuáætlunina er lokið og hún verður birt á heimasíðu í byrjun október.
Skólaráð, foreldrafélag: Gæta þarf þess að fulltrúar í skólaráði séu lýðræðislega kosnir af sínum hópum.	Kjóra þarf fulltrúa foreldra í skólaráð á auglýstum foreldrafundum svo hægt sé að tala um lýðræðislega kosningu. Kjóra þarf fulltrúa nemenda úr hópi nemenda og gera þeim ljóst að seta þeirra er til tveggja ára.	Skólastjóri.	Fulltrúi foreldra í skólaráð verður kosinn á auglýstum foreldrafundi 18. september 2014. Fulltrúi nemenda verður kosinn í lok september 2014.
Þátttaka foreldra í skólastarfi og upplýsingamiðlun: Samræma þarf upplýsingagjöf til foreldra á Mentor.	Tryggja þarf að allir foreldrar, óháð aldri nemenda, fái upplýsingar um nám og ástundun barna sinna í gegnum Mentor. Farið hefur verið yfir tíðni og eðli samskipta milli heimilis og skóla á deildarfundum og því fylgt eftir af hálfu deildarstjóra.	Deildarstjórar yngri og eldri deildar	Kynnt á deildarfundum í ágúst og september. Eftirfylgni í gangi af hálfu deildarstjóra allt skólaárið.



Svið II – Nám og kennsla	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Nám og námsaðstæður: Uppfæra þarf námsvísa fyrir 2015 svo þeir byggi á nýrri aðalnámskrá.	Skipaðir hafa verið fagstjórar í nánast öllum námsgreinum til að halda utan um vinnu kennara við uppfærslu námsvísa í tengslum við nýja aðalnámskrá.	Skólastjóri og fagstjórar.	Vinnan er hafin og verða nýjir námsvísar í langflestum námsgreinum birtir um miðjan nóvember 2014.
Hvetja þarf nemendur og foreldra til að nýta sér námsvísa.	Á árlegum kynningarfundum við skólabyrjun og í foreldraviðtölum í nóvember og febrúar eru nemendur og foreldrar hvattir af umsjónarkennurum að nýta sér námsvísa skólans.	Skólastjóri, deildarstjórar og umsjónarkennarar.	Þetta atriði verður sérstaklega nefnt í foreldraviðtölum í nóvember og svo aftur í febrúar þegar foreldrar og nemendur koma í viðtöl til umsjónarkennara.
Kennsluhættir og gæði kennslu: Efla þarf samvinnu og samstarf nemenda og auka samræður í námi.	Ljóst er að allir sem starfa í skólanum eru sammála um mikilvægi samvinnu og samstarfs og samræðna nemenda í námi. Ákveðið hefur verið að óska eftir utanaðkomandi fræðslu og áframhaldandi stuðningi til að auka vægi þessara kennsluhátta.	Skólastjórnendur og kennarar skólans.	Fræðslufundur haldinn fyrir alla kennara skólans í byrjun í janúar og svo áframhaldandi stuðningur fram á næsta skólaár.
Auka verkefni nemenda sem taka mið af þeirra áhugasviði.	Í einstaklingsviðtölum umsjónarkennara við nemendur sína er farið yfir áhugasvið hvers og eins. Námsráðgjafi leggur einnig áhugasviðskönnun fyrir eldri nemendur skólans. Unnið verður úr þessum gögnum á markvissari hátt og fjölgað þeim verkefnum sem taka mið af áhugasviði nemenda.	Deildarstjórar, námsráðgjafi og kennarar skólans.	Viðtöl við nemendur eru hafin og verður áframhaldandi vinna í gangi allt skólaárið.



Kenna nemendum að meta eigin vinnu, setja sér markmið og þjálfast í sjálfsmati.	Málin rædd faglega á deildarfundum þar sem mismunandi leiðir í sjálfsmati og markmiðssetningu nemenda eru kynntar.	Deildarstjórar og kennarar skólans.	Umræða hófst á deildarfundum í byrjun nóvember og verður í gangi allt skólaárið.
Skoða þarf hvers vegna frammistaða nemenda versnar milli 7. og 10. bekkjar á samræmdum prófum og bregðast við því.	Fagstjórar í íslensku og stærðfræði með stuðningi frá skólastjóra og aðstoðarskólastjóra greina niðurstöður samræmdra prófa og koma með tillögur að umbótum. Nýta enn frekar samræmd könnunarpróf sem skimunartæki.	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og fagstjórar í íslensku og stærðfræði.	Vinnan er hafin meðal fagstjóra í íslensku og stærðfræði. Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri funda með þeim í byrjun nóvember til að fara yfir niðurstöður.
Skoða þarf hvers vegna frammistaða nemenda versnar í PISA könnun 2012 miðað við 2009 og bregðast við því.	Farið hefur verið yfir niðurstöður og greint hvaða atriði gætu verið að hafa áhrif á það að frammistaða nemenda versnar milli ára 2009 – 2012.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri með stuðningi frá Skólaþjónustu Árborgar.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri fóru á fund í vor með fræðslustjóra um niðurstöður PISA og hafa komið með tillögur að umbótum sem hrint verður í framkvæmd á skólaárinu.
Námshættir og námsvitund: Efla þarf enn frekar fjölbreyttar kennsluáðferðir.	Ýmis námskeið hafa verið í boði nú á haustönn og verða í boði í vetur sem miða að því að efla enn frekar fjölbreyttar kennsluáðferðir. Má til dæmis nefna fjölbreytt stærðfræðinámskeið og námskeið í notkun spjaldtölva í kennslu.	Skólastjóri og deildarstjóri yngri deildar í samvinnu við Skólaþjónustu Árborgar.	Vinnan er hafin og verður stefnan sett í nýrri símenntunaráætlun skólans fyrir starfsárið 2014 – 2015 sem kemur út í nóvember.



Gera þarf nemendum og kennurum kleift að nýta upplýsingatækni í skólastarfi.	Í sumar voru settar upp lagnir fyrir þráðlaust net í Vallaskóla og í framhaldi af því var hægt að ljúka uppbyggingu á þráðlausu neti um allan skólann. Stofnað hefur verið snjallteymi innan skólans sem mun leiða innleiðingu á rafrænu námi í Vallaskóla.	Skólastjóri, Tölvudeild Sveitarfélags Árborgar og snjallteymi skólans.	11. september 2014 var opnað fyrir þráðlaust net í öllum skólanum.
Stuðningur við nám: Skrá hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats	Árangursríkt samstarf var meðal Skólaþjónustu Árborgar og grunnskólanna í Árborg á síðasta skólaári um aðgerðaáætlana. Í áætluninni er skilgreint hvernig brugðist er við niðurstöðum skimana og mats í hverjum skóla.	Deildarstjóri sérkennslu í samvinnu við Skólaþjónustu Árborgar.	Bruðgðist hefur verið við þessari kröfu og er vinnu við aðgerðaáætlun er lokið og hún birt á heimasíðu í nóvember.
Gefa nemendum kost á því að taka þátt í gerð einstaklingsnámskráa og umfjöllun um eigin málefni í nemendateymum.	Nemendum er eftir eðli máls og þroska þeirra boðin seta og þátttaka í nemendateymum fram fer gerð einstaklingsnámskrár og rætt er um námslega framvindu þeirra.	Deildarstjóri eldri deildar, sérkennslu og teymisstjóri nemendateymis hverju sinni.	Undirbúningur er hafinn og markvisst unnið að fjölgun þeirra nemenda sem koma að gerð eigin einstaklingsnámskrár á skólaárinu.
Huga þarf að því að öll sérkennsla sé í höndum sérkennara.	Það er stefna Vallaskóla er að sérkennsla sé ávallt í höndum sérkennara og því verpa lausar stöður sérkennara auglýstar ár hvert.	Skólastjóri og deildarstjóri sérkennslu.	Að vori 2015 þegar auglýst verður eftir kennurum fyrir skólaárið 2015 – 2016.



Svið III – Innra mat	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Framkvæmd innra mats: Skipa þarf fulltrúa allra hagsmunaaðila í matsteymi.	Skólastjóri mun skipa fulltrúa allra hagsmunaaðila í matsteymi sem heldur utan um innra mat Vallaskóla.	Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og matsteymi um innra mat.	Matsteymi verður stofnað í síðasta lagi 16. október 2014.
Gera þarf sjálfsmatsskýrslu fyrir skólaárið 2013 – 2014 og birta á heimasíðu og kynna í fræðslunefnd.	Sjálfsmatsskýrsla vegna síðasta skólaárs verður unnin á fyrri hluta skólaárs og birt á heimasíðu skólans eftir áramót.	Aðstoðarskólastjóri og matsteymi um innra mat.	Sjálfsmatsskýrsla verður tilbúin og birtum miðjan janúar 2015.
Í langtímaáætlun í innra mati þurfa viðmið að vera skilgreind sem og ábyrgðaraðilar og tímasetning.	Langtímaáætlun um innra mat verður unnin af matsteymi þegar sjálfsmatsskýrslu er lokið.	Aðstoðarskólastjóri og matsteymi um innra mat.	Langtímaáætlun fyrir innra mat skólans verður tilbúin í mars 2015.
Í áætlun þarf að koma fram hvernig öll markmið skólanámskrár eru metin markvisst og reglubundið með einhverjum hætti.	Við gerð áætlunar um innra mat í Vallaskóla verður farið eftir lögum og reglum og ábendingum ráðuneytis.	Aðstoðarskólastjóri og matsteymi um innra mat.	Áætlun um innra mat verður tilbúin í apríl 2015.
Í áætlun þarf að geta þess hvenær á að meta árangur aðgerða.	Við gerð áætlunar um innra mat í Vallaskóla verður farið eftir lögum og reglum og ábendingum ráðuneytis.	Aðstoðarskólastjóri og matsteymi um innra mat.	Áætlun um innra mat verður tilbúin í mars 2015.



Setja þarf niðurstöður úr innra mati á heimasíðu.	Teknar hafa verið saman í gegnum Skólapúlsinn niðurstöður innra mats frá síðasta skólaári og þær birtar á heimasíðu skólans.	Aðstoðarskólastjóri og matsteymi um innra mat.	Niðurstöður úr innra mati síðasta skólaárs eru komnar á heimasíðu.
Umbótaáætlun vegna innra mats þarf að birta með opinberum hætti.	Þegar matsteymi hefur verið stofnað mun teymið semja umbótaáætlun ársins í ljósi niðurstaðna og birta á heimasíðu.	Aðstoðarskólastjóri og matsteymi um innra mat.	Umbótaáætlun verður birt og kynnt í í fræðslunefnd um leið og hún er tilbúin eða í síðasta lagi í febrúar 2015.



Svið IV – Nám nemenda með sérþarfir - teymi	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Nám við allra hæfi: Bæta þarf netsamband svo nýta megi upplýsingatækni meira í skólstarfi.	Í sumar voru settar upp lagnir fyrir þráðlaust net í Vallaskóla og í framhaldi af því var hægt að ljúka uppbyggingu á þráðlausu neti um allan skólann.	Skólastjóri og Tölvudeild Sveitarfélags Árborgar.	11. september 2014 var opnað fyrir þráðlaust net í öllum skólanum.
Skipulag: Gera grein fyrir starfi stuðningsfulltrúa í kafla um stoðþjónustu í starfsáætlun.	Starfslýsing stuðningsfulltrúa var til innan skólans.	Skólastjóri og deildarstjóri yngri deildar.	Lokið. Starfsáætlun fyrir skólaárið 2014 – 2015 er á heimasíðu.
Efla þarf upplýsingaflæði til annarra starfsmanna skólans vegna nemenda með sérþarfir.	Mánaðarlega eru haldnir fundir með öðrum starfsmönnum skólans þar sem farið verður yfir málefni nemenda með sérþarfir.	Aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri sérkennslu.	Verkið er hafið og verður í gangi allt skólaárið eftir þörfum.
Huga þarf að gerð tilfærsluáætlunar, sbr. Reglugerð nr. 585/2010 um nám nemenda með sérþarfir.	Árangursríkt samstarf var meðal Skólaþjónustu Árborgar og grunnskólanna í Árborg á síðasta skólaári meðal annars um gerð tilfærsluáætlunar.	Deildarstjóri sérkennslu í samvinnu við Skólaþjónustu Árborgar.	Vinnu við tilfærsluáætlun er lokið og hún verður birt á heimasíðu í byrjun október.



Huga þarf að dreifðri ábyrgð meðal stjórnenda vegna teyma og leitast við að umfang utanumhalds sé haldið í lágmarki.	Deildarstjórar funduðu um þau nemendateymi sem voru í gangi á síðasta skólaári og þau nemendateymi sem þarf að stofna nú á nýju skólaári vegna nýrra nemenda með sérþarfir. Leitast var við að fækka teymum og dreifa ábyrgð meðal stjórnenda. Kennsluráðgjafar frá Skólaþjónustu Árborgar ásamt deildarstjórum sérkennslu í skólum Árborgar hafa einnig komið með tillögu að nýju og bættu verklagi og utanumhaldi í kringum nemendateymi.	Skólastjórnendur og Skólaþjónusta Árborgar.	Lokið að hálfu Skólaþjónustu Árborgar. Eftirfylgni stjórnenda skólans í gangi allt skólaárið.
--	---	---	---

Mat á árangri	Umbætur	Ábyrgðaraðili	Tímarammi
Umbótaáætlun vegna ytra mats og aðrar umbótaáætlanir skólans verða metnar af starfsfólki skólans.	Farið yfir á starfsmannafundi/fundum hvernig hefur tekist til við að framfylgja og ná fram umbótum um þætti sem nefndir eru í umbótaáætlun vegna ytra mats. Einnig verða þeir fjölmörgu þættir sem nefndir voru sem tækifæri til umbóta í skýrslunni en ekki hafa verið settir fram hér skoðaðir og settir fram í umbótaáætlun fyrir skólaárið 2015 – 2016. Á þessum fundum er stefnt að því að fara einnig yfir aðrar umbótaáætlanir skólans.	Skólastjóri.	Fundir á starfsdögum í júní 2015.